

Fundargerð

267. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðjudaginn 2. apríl 2019 kl. 12⁰⁰ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)
Halldór Haraldsson (HH) vm. (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Rekstraráætlun
- (3) Ráðstöfunaraðilar
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (266. fundar).

Samþykkt

2. Rekstraáætlun

Framhaldið var umræðu frá síðasta fundi. ÓK fór yfir drög að rekstraráætlun fyrir árið 2019 og helstu kennitölur fyrir vörflokka Úrvinnslusjóðs. ÓK fór yfir stöðu hvers vörflokks og breytingar á úrvinnslugjaldi ef með þarf til að ná jafnvægi í rekstri. Stjórn fór yfir væntanlegar breytingar á úrvinnslugjaldi vegna þeirra vörflokka er ná þarf jafnvægi í rekstri fyrir rekstrarárið 2020. Stjórn ræddi stöðu vörflokka til lengri framtíðar sem og ytri aðstæður á mörkuðum. Stjórn telur að miða eigi við að rekstraáætlun er mæti kröfum um endurvinnsluhlutfall vörflokka í samræmi við EES samninginn. Stjórnarmenn munu fara yfir áætlanir og ræða áfram á næsta fundi.

3. Ráðstöfunaraðilar

Umsókn ráðstöfunaraðila vegna meðhöndlunar hjólbarða:

Íslenska Gámafélagið óskar eftir samþykkt stjórnar Úrvinnslusjóðs fyrir hönd endurvinnsluaðila að gerast ráðstöfunaraðili við endurnýtingu hjólbarða samkvæmt skilmálum merktum ÚRVS – XVI – 02:

BL 10 BSB GJ ÓK LG

Umsækjandi óskar nafnleyndar.

Samþykkt tímabundið til eins árs. Stjórn mun endurskoða samþykkt ráðstöfunaraðila fyrir 1. apríl 2020.

4. Önnur mál

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vinnur að nýrri stefnu ráðherra í úrgangsmálum. ÓK fór yfir að ein aðgerð sem skiptist í þrjá þætti snýr að stuðningi við græna nýsköpun með hagrænum hvötum. Stjórnarmenn ræddu aðkomu Úrvinnslusjóðs að slíkum stuðningi. ÓK falið að heyra í starfsmanni/mönnum UAR hvernig ráðuneytið sér aðkomu Úrvinnslusjóðs að slíkum stuðningi.

Næsti fundur ákveðinn 30. apríl 2019.

Fundi slitið kl. 14.00

Guðni S. Þórhildur
Kenn Ólafur
Brunn S. Brunns.
A. Johnsen
Liðak S. Guðlafsson

Brunns Guðlafsson

Stjórn